



## Átthagafræði–verklagsreglur Í vettvangsferðum

Í vettvangsferðum er áriðandi að hafa öryggi nemendahópsins í öndvegi. Slysavarnir og skyndihjálpar þarf ætíð að hafa í huga við útikennslu og þegar farið er í vettvangsferðir. Huga þarf að fjölda starfsmanna miðað við nemendahóp þegar farið er í ferðir utan skólalóðar.

- **Fyrir vettvangsferð**

- Skipuleggja/semja þarf kennsluverkefnið.
  - Huga að gagnasöfnun.
  - Ef verkefnið felur í sér að leita þarf til utanaðkomandi aðila þarf að hafa samband í tíma.
  - Panta rútu tímanlega.
- Framkvæmd vettvangsferðar:
  - Allir þurfa að vita hvað er verið að fara að gera, jafnt nemendur sem kennarar og fara skal yfir áætlunina með nemendum.
  - Kynna námsmat fyrir nemendum.
  - Hópstjórar skipaðir (ef þarf).
    - Nemendur settir í hópa fyrirfram (ef þarf).
    - Mæting skráð.
  - Taka til útikennslubakpoka; skriffæri, harðspjaldamöppu með nemendalista fyrir kennara, einföld klemmuspjöld fyrir nemendur ef þeir þurfa að vinna á vettvangi, myndavél, síma og sjúkragögn.

- **Í vettvangsferð**

- Allir verða að vera meðvitaðir um hvaða reglur eru í gildi og samstíga um að fylgja þeim eftir.
  - Nemendur fari í röð þegar þeir fara inn í rútu.
  - Nemendur gangi snyrtilega um, jafnt í rútu sem á vettvangi.
  - Skiljum ekki eftir okkur rusl.
  - Nemendur beri virðingu fyrir náttúrunni sem og þeim stöðum sem heimsóttir eru og því fólki sem á móti okkur tekur.
  - Nemendur fari eftir fyrirmælum hópstjóra og sýni sjálfstæð vinnubrögð við verkefnavinnu.

Átthagafræðiteymið